

Athugasemdir Félags kvikmyndagerðarmanna (FK) við *Frumvarp til laga um breytingu á lögum um listamannalaun, nr. 57/2009*. Athugasemdir FK lúta að 1. mgr. 9. gr. laganna um *Launasjóð kvikmyndahöfunda*.

Félag kvikmyndagerðarmanna sem er fjölmennasta og elsta hagsmunafélag kvikmyndalistarinnar á Íslandi fagnar framkomnu frumvarpi um launasjóð kvikmyndahöfunda sem er langþráð baráttumál. Félagar í FK hafa komið með athugasemdir til stjórnar sem rétt er að komi fram. Frumvarpið tryggir ekki með skýrum hætti aðkomu heimildagerðarmanna að launasjóðnum. Heimildamyndagerð er skilgreind sem "*facta*" (non-fiction) en leikið efni sem "*drama*" (fiction) og er eðlismunur á höfundaframlagi í heimildamyndum og leiknum kvikmyndum. Að búa til skapandi heimildamynd tekur í það minnsta 5-10 ár og alveg ljóst að sú vinna er framlag höfundar ekki ósvipað því að myndlistamaður býr til skúlptúr eða rithöfundur skrifar ljóð og það þarf mörg ljóð til að gefa út heila bók og það þarf marga skúlptúra til að halda sýningu.

Samkvæmt frumvarpinu eru eingöngu tvö félög kvikmyndahöfunda sem tilnefna aðila fyrir úthlutunarnefnd. Félag kvikmyndagerðarmanna teldi það styrkja úthlutunarnefndina ef fleiri hagsmunafélög kvikmyndagerðarhöfunda kæmu að tilnefningum úthlutunarnefndar. Einnig er mjög mikilvægt að sátt verði um útfærslu á úthlutunarreglum og þar þarf að tryggja að höfundar heimildamynda hafi einnig aðkomu að launasjóðnum.

Einnig telur FK rétt að benda á að margir koma að sköpun kvikmynda og framlag einstakra höfunda oft afgerandi um útkomu og upplifun áhorfenda og þar á meðal eru kvikmyndatökumenn og klipparar sem verða oft útundan þegar rætt er um aðalhöfunda kvikmynda. Í frumvarpi er sérstaklega tilgreint að launasjóður sé fyrir; *leikstjóra og handritshöfunda* sem gæti útilokað aðra höfunda. Að mati FK væri betra að það væri opnari skilgreining samanber „*leikstjóra, handritshöfunda og annarra aðalhöfunda kvikmynda*“.

Félag kvikmyndagerðarmanna fagnar þeim umbótum sem frumvarpið ber með sér en ítrekar mikilvægi þess að öllum höfundum kvikmynda sé sýnd virðing og vegsemd.

Félag Kvikmyndagerðarmanna

Fyrir hönd stjórnar FK
Steingrímur Dúi Másson
Formaður FK